



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 12.05.2015 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 29. apríl var lögð fyrir og samþykkt.

2. Hlutverk

- Formaður lagði fram tillögu að verkaskiptingu stjórnarmanna
 - Sigurður Bjarnason, formaður
 - Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, varaformaður
 - Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri
 - Kristján Thorlacius, ritari
 - Ásta Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
 - Sigríður Dís Guðjónsdóttir, varastjórn
 - Þorsteinn Júlíus Árnason, varastjórn
 - Tillögurnar voru samþykktar.
 - Ákveðið var að halda stefnumótunarfund aðalstjórnar þar sem hlutverk stjórnarmanna verða betur skilgreind og áherslumál aðalstjórnar ákveðin.
 - Framkvæmdastjóra falið að koma með hugmynd að fundartíma fyrir síkan fund.
- Fundarsköp
 - Formaður fór yfir hugmyndir sínar um hvernig fundir aðalstjórnar skulu fara fram.
- Samskipti stjórnarmanna og dreifing fundargagna
 - Rætt var um með hvaða hætti stjórnarmenn hafa áhuga á fá fundargögn til sín.
 - Framkvæmdastjóra falið að finna lausn.
 - Ákveðið var að búa til Facebook hóp aðalstjórnar
- Kynning á vinnu starfshóps knattspyrnudeildar um staðsetningu knattús í Garðabæ.
 - Baldvin Björn, Helgi Hrannar og Valgeir Sigurðsson formaður barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar mættu á fund aðalstjórnar og kynntu vinnu sína og fóru í gegnum sjónarmið og helstu rök hópsins um staðsetningu fjölnota íþróttahúsi á Ásgarðssvæðinu.
 - Starfshópurinn óskaði eftir formlegum stuðningi aðalstjórnar.



- Í kjölfarið á kynningunni ræddi aðalstjórn um málið og hvort aðalstjórn ætti að veita starfshópnum formlegt umboð aðalstjórnar.
- Ákveðið var að fresta ákvörðun um eina viku og gefa nýjum fulltrúum í aðalstjórn svigrúm til að kynna sér málið frekar.
- Framkvæmdastjóra var falið að senda stjórnarmönnum gögn starfshópsins auk þeirra opinbera gagna sem komið hafa frá Garðabæ á undanförunum vikum og mánuðum.
- Ákveðið var að halda auka aðalstjórnarfund þann 18. maí.

3. Myndataka

- Björg Vigfúsdóttir myndaði nýja aðalstjórn

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils